

Reykjavík 5. júní 2024.

Efni: Umsögn um drög að lagafrumvarpi um breytingu á ýmsum lögum vegna framhalds á stuðningsaðgerðum vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ. 1130. mál

Þann 1. júní síðastliðinn birtust drög að lagafrumvarpi um um breytingu á ýmsum lögum vegna framhalds á stuðningsaðgerðum vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ.

Undirrituð gera athugasemdir við hversu stuttur tími er gefinn til að skila inn umsögn á frumvarpið. Undirrituð fengu upplýsingapóst frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis kl 17:07 þann 4. júní þar sem kom fram að mál 1130 væri til umsagnar. Því eru einungis ca. 60 klst til að skrifa umsögn þrátt fyrir að vinna stjórnvalda hafi staðið yfir síðan 19. febrúar. Vakin er sérstök athygli á því að fyrirtækið okkar Marabon ehf hefur verið í engum rekstri síðan 10. nóvember 2023.

Undirrituð gera athugasemd við að úrræðin sem eru kynnt til fyrirtækja eru enn skammtímaúrræði og nokkurs konar “plástur” en ekki langtímaúrræði. Miðað við hversu langan tíma vinnan tók vorum við vongóð um að úrræðin væri ítarlegri, langtímaúrræði og ákall okkar um uppkaup hefur verið skýrt. Þetta eru fordómalausir tímar og því þurfa úrræðin að vera fordæmalaus.

Í samtölum okkar við ráðherra í ríkisstjórn og aðra sem koma að vinnunni í kringum frumvarpið hefur ítrekað komið fram að allar áætlanir miði við að Grindavík verði aftur blómlegur bær.

Skv. skýrslu Deloitte eru 2% af fyrirtækjum sem verða að hætta rekstri og ekki hægt að færa eignir og þessi fyrirtæki þurfa sértæk úrræði. Því miður er okkar eitt af þessum fyrirtækjum. Staðan er sú að við höfum verið í engum rekstri síðan 10. nóvember, húsið er tjónað og við fáum ekki niðurstöðu frá NTÍ, ekki er staðfest hvort að fráveita sé í lagi, búið er að merkja planið og enginn getur sagt okkur hvað þessar merkingar þýða því beðið er eftir niðurstöðum úr jarðvegskönnun og ítrekað hefur rafmagn verið laskað síðan 10. nóvember. Að auki eru allir okkar viðskiptavinir horfnir þar sem meira en 92% af íbúum hafa óskað eftir uppkaupum og ferðamönnum er ekki hleypt inn í bæinn.

Nýjasti atburðurinn sem er enn í gangi gerir stöðuna enn svartari en áður þar sem inngönguleiðir eru verulega laskaðar og bærinn hefur verið án rafmagns í marga daga. Ofangreindir þættir hafa orðið til þess að rekstrargrundvöllur til atvinnustarfsemis í smásölurekstri er löngu horfin og því þurfa úrræðin að vera miklu víðameiri, stærri og hugrakkari heldur en þau úrræði sem kynnt hafa verið.

Uppkaup á íbúðarhúsnæði hefur haft gríðarlega áhrif á framtíð Grindavíkur og því þarf einnig að kaupa upp atvinnuhúsnæði lítilla fjölskyldufyrirtækja. Uppkaupin hafa m.a. þau áhrif að ekki verður öllum fyrirtækjum unnt að starfa innan Grindavíkur og ekki má gleyma að bærinn er enn lokaður fyrir öllum sem ekki eiga erindi vegna vinnu eða eru að sækja restina af eignum sínum í hús sín. Þar af leiðir að uppkaup ættu að vera ein af leiðum stjórnvalda eða amk. einhver leið að fyrirtækjaeigendum gert kleift að nálgast eigið fé sitt í rekstrinum án þess að taka frekari lán með ríkisábyrgð, að borga lán með láni veit ekki á gott heldur keyrir fyrirtækin endanlega í þrot.

Frumvarpið tekur ekki á því hver ætlar að borga tjónið sem fyrirtæki hafa orðið fyrir vegna ívilnandi ákvarðanna um uppkaup á íbúðarhúsnæði og tjónið sem við höfum orðið fyrir vegna aðgangsheimilda til bæjarins.

Á bls 27 í skýrslu Deloitte er eftirfarandi texti:

*“Þó það hefi ekki komið skýrt fram opinberlega er jóst að veruleikinn er sá að þær hamfarir sem á Grindavík hefa dunið og þær ákvarðanir sem hefa verið teknar í ljöfar þeirra eru til þess fallnar að Grindvíkingar finni sér, að stórum hluta, fasta og varanlega búsetu utan Grindavíkur”*

Þessi sviðsmynd hefur raungerst og líkt og kemur fram á sömu bls. í skýrslunni skortir minni fyrirtækjum í Grindavík tilverugrundvöll sé búseta takmörkuð eða engin. Úrræðin sem er til umfjöllunar taka ekki á þessar sviðsmynd sem hefur raungerst og stjórnvöld skilja litlu fyrirtækin eftir sem eiga sjálf að taka á sig tjónið sem þau hafa orðið fyrir af völdum náttúruhamfaranna.

Fjölskyldufyrirtækið okkar sem er í smásölurekstri hefur verið lokað síðan kl. 18:30, 10. Nóvember 2023. Staðan er verri með hverjum deginum sem líður og því gerum við athugasemd á að úrræðið feli í sér viðspyrnustyrk því í samtali við Almannavarnir, vísindamenn, bæjarstjórn og ríkisstjórn kemur ítrekað fram að þetta sé langhlaup og ekki verði farið í uppbygginginu á sveitarfélaginu fyrr en að hamförunum líkur. Hvernig á lítið fjölskyldufyrirtæki sem er búið að vera lokað í 7 mánuði eftir tjóra daga að geta nýtt sér viðspyrnustyrk á næstu mánuðum þegar allir vita að hamfarirnar geta staðið yfir í 5-10 ár í viðbót?

Við sjáum því miður ekki rekstrargrundvöll meðan bærinn er lokaður og náttúruhamfarirnar standa yfir og annaðhvort skilja stjórnvöld ekki stöðuna eða ætla ekki að hjálpa okkur þrátt fyrir fögur fyrirheit um að standa með Grindvíkingum. Við getum ekki notað atvinnuhúsnæði okkar vegna náttúruhamfaranna, ívilnandi ákvarðanna stjórnvalda og aðgangsheimilda. Það fer ekki saman hljóð og mynd þegar farið er til Grindavíkur og raunstaða blasir við, Deloitte skýrslan og önnur gögn eru metin og borin saman við úrræði sem koma fram í frumvarpinu.

Eins og áður hefur komið fram er rekstrargrundvöllur í smásölu rekstri enginn árið 2024. Undirrituð fara því fram á að frumvarpi um breytingu á ýmsum lögum vegna framhalds á stuðningsaðgerðum vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ sé breytt á á þann hátt að við verði bætt við uppkaupum á atvinnuhúsnæði í Grindavík og lögaðilum í bæjarfélaginu verði gefin kostur á að losa sig undan þeirri áhættu sem fylgir eignarhaldi atvinnuhúsnæðis.

Stjórnvöld kynntu einnig stuðningslán með ríkisábyrgð og kom fram að það verði lagt fram á haustþingi. Ein af forsendum þess að fyrirtæki geti nýtt sér stuðningslán er að fyrirtækið sé rekstrarhæft. Ekki kemur fram hvaða skilyrði fyrirtæki þurfa að uppfylla og hvað vextir verða í boði. Telst fyrirtæki sem verður búið að vera lokað síðan 10. Nóvember 2023 með engar tekjur rekstrarhæft í haust? Einnig er gerð athugasemd á það að stjórnvöld ætli að bjóða fyrirtækjum að auka skuldsetningu í stað þess að aðstoða fyrirtæki við að semja við lánadrottna. Það sem allt bendir til þess að hamfarirnar munu standa yfir í amk 5-10 ár til viðbótar mun þetta úrræði auka á vanda fyrirtækja.

Í samtali okkar við stjórnvöld hefur ítrekað komið fram umræða um að ekki sé hægt að kaupa upp atvinnuhúsnæði og setja það fordæmi þar sem við búum á Íslandi og náttúruváin sé yfirvofandi á mörgum landsvæðum. Fordæmi hafa verið sett í þessum hamförum. Reistir hafa verið varnargarðar í kringum einkafyrirtæki hafi skapað fordæmi um að bjarga rekstri sumra fyrirtækja en ekki annara og það er mismunun sama hvernig á það er lítið.

Í frumvarpinu er eftirfarandi málsgrein:

*“Samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið er bannað að meginreglu til að veita ríkisaðstoð sem raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinnar vöru að því leyti sem aðstoðin hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila. Aðstoð til að bæta jón af völdum náttúruhamfara eða óverjulegra atburða samþymist þó framkvæmd samningsins, sbr. b-lið 2. mgr. 61. gr. samningsins. Við undirbúning aðgerða til stuðnings íbúum og*

*fyrirtækjum í Grindavíkurbæ, sem lögfestar voru í desember 2023, var hæft samráð við Eftirlitsstjófnun EFTA (ESA), sem hefur eftirlit með framkvæmd EFTA-riðjanna á EES-samningnum. Á fundi með ESA kom fram að aðstoð sem ámarkaðist við fyrirtæki innan skilgreinds svæðis sem hefðu orðið fyrir tjóni af völdum náttúruhamfara væri ekki tilkynningarskyld. Voru því af háfu ESA ekki gerðar athugasemdir við úrræðin sem samþykkt voru á hausþingi 2023, og að mati ESA er ekki ástæða til að tilkynna um önnur sambærileg úrræði.”*

Það kemur ekki til skekkju verði fyrirtæki leyst út frá áttahagafjötrum þar sem þetta er sér skilgreindur atburður skv. umfjöllun EES um málið. Því hvetjum við eindregið til þess að sérlög verði sett um málið og fyrirtækjum gert kleift að selja atvinnuhúsnæði sitt til Þórkötlu og hafi val um að byrja starfsemi annars staðar til að geta haldið áfram að að búa til verðmæti. Fordæmið er skýrt með með uppkaupum á húsnæði sem er augljóslega fordæmi um skekkju á húsnæðismarkaði og ekki hefur komið til athugasemda þar.

Undirrituð vekja sérstaka athygli á því að frumvarpið sem er til umsagnar nær engan veginn yfir þarfir fjölmargra fyrirtækja í þessum einstaka atburð sem er fordæmalaus.

Fyrirtækið okkar er söluskáli við Víkurbraut sem er við aðalgötuna í Grindavík. Við keyptum þetta fyrirtæki 2006 og höfum lagt gríðarlega mikið á okkur við að byggja upp litla fjölskyldufyrirtækið okkar. Þetta er fyrirtæki af þeirri stærðargráðu að við höfum mikið staðið vaktina sjálf og vorum einnig með mömmu í vinnu. Tíminn eftir hrun var erfiður og lærdómsríkur og miklu fórnað til að geta lifað það af. Það er ótrúlega sárt að vera í okkar sporum og óvissan að verða óyfirstíganleg. Samfélagsleg áhrif fjölskyldna og fjölskyldufyrirtækja eiga svo sannarlega eftir að koma í ljós.

Það er gríðarlega mikilvægt fyrir okkur sem agnarlítið fjölskyldufyrirtæki að fá langtímaúrræði til að við getum byrjað nýtt líf á nýjum stað í kjölfar náttúruhamfara síðustu mánuða. Eftir fjóra daga eru 7 mánuðir síðan litla fjölskyldufyrirtækið okkar var síðast opið og við erum í hópi 2% fyrirtækja sem verða að hætta rekstri og getum ekki fært eignir til að hefa starfsemi á öðrum stað. Því miður tókum við þá ákvörðun að segja upp starfsfólki um nýliðin mánaðarmót.

Nýjasti atburðurinn og breytt hegðun í hamförunum skapar enn meiri óvissu og óhug en áður. Það sjá allir sem hafa fylgst með náttúruhamförunum, kynnt sér málið ítarlega, rýnt gögn, hlustað á Almannavarnir, vísindamenn og fyrirtækjaeigendur í Grindavík að rekstrargrundvöllur í Grindavík er gjörbreyttur og verður það næstu mánuði, ár eða jafnvel áratugi. Því þurfum við að fá aðstoð frá Ríkisstjórn Íslands til að geta haldið áfram að búa til verðmæti á nýjum stað með öðrum úrræðum en þeim sem hafa verið kynnt. Ekki má gleyma að stjórnvöld /almannavarnir hafa stýrt aðgengi að bænum og framvindu mála sem hafa takmarkað möguleika okkar til að starfa en það er saga sem verður sögð á einhverjum öðrum tímapunkti. Það verður að leysa okkur litlu fjölskyldufyrirtækin út úr Grindavík til að við hljótum ekki meiri skaða af hamförunum heldur en við höfum orðið fyrir í dag.

Við misstum öryggið okkar fjölskyldunnar og það styttist í að martröðin haldi áfram og við gefum upp öndina í rekstrinum því eigið fé hverfur hratt og vonin dofna með hverjum deginum. Það er átakanlegt að fara um bæinn og sjá eyðilegginguna sem hamfarirnar hafa valdið, sjá varnargarðana sem umlykja bæinn, hraunið sem er inni í bænum eftir gosið 14. janúar og umlykur allan bæinn eftir yfirstandi eldgos, finna brennisteinslyktina, brunalyktina og síðast en ekki síst að horfa á ævistarfið fjara út.

Hversu miklu fjármagni á að eyða í að byggja varnargarða um bæinn? Er ekki orðið tímabært að nýta fjármagnið í aðra þætti eins og að kaupa upp atvinnuhúsnæði?

Við erum búin að selja Þórkötlu heimilið okkar og óvissan um fjölskyldufyrirtækið okkar er óhugnanleg. Til að við getum staðið upp og hafið nýtt líf á nýjum stað þurfum við að geta lokið Grindavíkurkaflanum. Við myndum glöð opna á morgun ef það væri hægt vegna innviða og við hefðum viðskiptavinum til

staðar. En ef við erum raunsæ þá er útlitið fyrir að hvorugt verði til staðar á næstu misserum. Eins og fram kemur ítrekað hér fyrir ofan þá þurfum við uppkaup á atvinnuhúsnæði líkt og í íbúðarhúsnæði til að við getum safnað þreki meðan hamfarirnar eru enn í gangi til að geta tekið þátt í uppbyggingu á atvinnustarfsemi í Grindavík þegar það verður hægt.

Við óskum þess innilega að þið takið hugrakka ákvörðun er varða mál lítilla fyrirtækja í Grindavík og farið í uppkaup á atvinnuhúsnæði því að í okkar huga er langt þangað til að Grindavík verður aftur blómlegur bær til rekstrar. Við biðjum ykkur innilega um að láta okkur litlu fjölskyldufyrirtækin ekki taka þetta tjón á okkur ein. Þetta er ævistarfið okkar og ævisparnaðurinn. Sýnið okkur í verki að þið standið með okkur eins og þið hafið oft gefið út í fjölmiðlum á þessum hamfaratímum.

Að lokum er gerð athugasemd á að stuðningsaðgerðirnar innifeli ekki niðurfellingu á stimpilgjöldum, að Grindavíkingar geti notað séreignarsparnað skattfjálst við kaup á nýrri fasteign og að hlutdeildarlán verði víkkuð út fyrir Grindvíkinga.

Virðingarfyllst

f.h. Maráþon ehf

Benný Ósk Harðardóttir

Kári Steinsson